

Þrítugasti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 18. apríl 2017 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15

Mættir: Hannes Tryggvi Hafstein, Rúnar Bragi Guðlaugsson, Marianna Hugrún Helgadóttir, Leifur Guðjónsson, Magnús Dalberg og Linda Björk Ragnarsdóttir. Þorsteinn Narfason ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Sigurþór Gíslason sækir um leyfi fyrir rekstri gistingar í sumarhúsi að Seli, Meðalfellsvegi 16 í Kjósarhreppi. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 13. febrúar 2017.
„Staðfest“.
- b. Margrét Þórhildur Fairbairn sækir um leyfi fyrir rekstri gistingar í sumarhúsi að Skógarhlíð í landi Reykja í Húsadal í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 13. febrúar 2017.
„Staðfest“.
- c. Birgir Bjarnason sækir um leyfi fyrir rekstri heimagistingar að Bollagörðum 109 á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 15. febrúar 2017.
„Staðfest“.
- d. Hákon Hákonarsson f.h. Hestamannafélagsins Harðar sækir um endurnýjun leyfis fyrir rekstri samkomusalar að Harðarbóli í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 24. febrúar 2017.
„Staðfest“.
- e. Gustav Einarsson sækir um leyfi fyrir rekstri heimagistingar að Eiðismýri 20 á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 24. febrúar 2017.
„Staðfest“.
- f. Olga B Þorleifsdóttir sækir um leyfi fyrir rekstri heimagistingar að Lindarbraut 18 á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 7. apríl 2017.
„Staðfest“.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- g. Gísli Jóhannsson sækir um starfsleyfi fyrir framleiðslu og pökkun á matjurtum í neytendaumbúðir að Dalsgarði í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu með vísan til laga um matvæli þann 7. apríl 2017.
„Staðfest“.
- h. Úlfheiður Kaðlin Ingvarsdóttir sækir um nýtt starfsleyfi fyrir heimagistingu að Austurströnd 12, Seltjarnarnesi.
„Staðfest“.
- i. Guðmundur Ingvarsson sækir um starfsleyfi fyrir veitingastofuna Grill 111 ehf. að Háholti 14 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu með vísan til laga um matvæli þann 7. apríl 2017.
„Staðfest“.
- j. Guðrún Sigtryggisdóttir sækir um leyfi fyrir rekstri heimagistingar í sumarhúsi að Litlu Þúfu í Kjósarhreppi. Leyfið var gefið út til 12 ára af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 10. apríl 2017.
„Staðfest“.
- k. Ásgeir Jamil Allanson sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir bílaparta ehf. að Grænumýri 3 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 582/2000 og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir bílapartasölur“.

Umsóknir um tóbakssöluleyfi

- l. Guðmundur Ingvarsson sækir um tóbakssöluleyfi fyrir veitingastofuna Grill 111 ehf. að Háholti 14 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út til 4 ára af heilbrigðiseftirlitinu með vísan til laga um tóbaksvarnir þann 7. apríl 2017.
„Staðfest“.

Umsagnir fyrir veitinga og gististaði

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 8. febrúar 2017 þar sem óskað var umsagnar um tækifærisleyfi fyrir árshátíð í Hlégarði þann 16. febrúar.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 9. febrúar 2017.
„Staðfest“.
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 19. maí 2016 þar sem óskað var umsagnar um umsókn Hestamannafélagsins Harðar um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III tegund samkomusalur í Harðarbóli í Mosfellsbæ.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 22. febrúar 2017.
„Staðfest“.
- c. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 9. mars 2017 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi í tilefni af öldungamóti í blaki í Hlégarði þann 30. apríl.
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 7. apríl 2017.
„Staðfest“.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- d. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 31. mars 2017 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir Grill 111 ehf. veitingastað í flokki II tegund veitingastofa að Háholti 14. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 7. apríl 2017. „*Staðfest*“.

Umsagnir um skipulagsmál

- a. **Deiliskipulagstillaga frístundalóð í Úlfarsfellslandi við Hafravatn, Mosfellsbæ**
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar óskar þann 7. febrúar 2017 umsagnar Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um deiliskipulagstillögu frístundalóð í Úlfarsfellslandi við Hafravatn, Mosfellsbæ. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 9. febrúar 2017.
- b. **Umsögn um skipulags- og matslýsingu aðalskipulags Kjósarhrepps 2016-2028**
Jón Eiríkur Guðmundsson, byggingafulltrúi Kjósarhrepps óskar umsögn heilbrigðiseftirlits með tölvubréfi dagsettu 1. febrúar 2017 um ofangreinda skipulags og matslýsingu í samræmi við 30. gr. skipulagslaga og 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 8. febrúar 2017.
- c. **Deiliskipulag fyrir Vindhól í Mosfellsbæ**
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar óskar þann 7. febrúar 2017 umsagnar Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um deiliskipulag fyrir Vindhól. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 8. febrúar 2017.
2. **Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2016**
Ársskýrslan var lögð fram.
3. **Þvingunarmál**
Framkvæmdastjóri kynnti eftirtalin mál sem eru í þvingunarferli skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- a. Lögð fram kæra til lögreglu á hendur Brúneggjum ehf. að Grjóteyri vegna óleyfisstarfsemi dagsett 13. febrúar 2017.
- b. Lögð fram kæra á hendur Kristjáni Inga Jónssyni, Reykjahvoli 5, Mosfellsbæ vegna hænsna sem hann heldur í óleyfi dagsett 20. mars 2017. Óskað er eftir í bréfinu að lögregla leiti dómsúrskurðar svo heilbrigðiseftirlitið geti fjarlægð óleyfishænsni með lögregluaðstoð. Einnig lagður fram tölvupóstur undirritaður af Einari Boga Sigurðssyni dagsettur 7. apríl 2017.
- c. Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlits til Hengils Fasteigna ehf. vegna starfsmannabústaðar að Laxatungu 17 dagsett 15. mars 2017 vegna meintrar óleyfisstarfsemi. Lagt var fram bréf frá lögmannstofunni Mörkin dagsett 18. apríl 2017 þar sem upplýst er um notkun fasteignarinnar að Laxatungu 17.
„*Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að rannsaka málið og upplýsa nefndina*“.
- d. Lagt fram bréf til Fylkis ehf. vegna fráveitu í Tjaldanesi dagsett 10. febrúar 2017 varðandi dagsektir og leigubann.
„*Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að kanna lögfræðilega hlið málsins og upplýsa nefndina*“.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Sorpkvarnir í heimahúsum

Rætt um notkun sorpkvarna í eldhúsvöskum heimila og fyrirtækja og ókosti við notkun á slíkum búnaði sem tengdur er fráveitu höfuðborgarsvæðisins.

4. Önnur mál

- a. Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 116. fundi frá 3. mars 2017.
- b. Lögð fram umhverfisskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur.
- c. Frumvarp til breytinga á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir lagt fram. Heilbrigðiseftirlitið vinnur að umsögn.
- d. Lögð fram skýrsla Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um Matvælastofnun frá 27. mars 2017.
- e. Fundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða verður haldinn í Listasal Mosfellsbæjar þann 28. apríl nk. Framkvæmdastjóri og formaður eru boðaðir á fundinn.

Fundi slitið kl. 19.15